

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – september 2025

Skráð atvinnuleysi í september var 3,5%

Skráð atvinnuleysi í september var 3,5% og jókst um 0,1% frá síðasta mánuði. Í september 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,3%.

Að meðaltali voru 7.348 atvinnulausir í september, 4.250 karlar og 3.098 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fækkaði um 56 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 5,6% og hækkaði úr 5,4% frá fyrri mánuði.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 0,9%.

Alls komu inn 167 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í september.


Atvinnulausir voru 7.841 í lok september, 4.482 karlar og 3.359 konur.

Í september 2025 gaf Vinnumálastofnun út 322 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 285 á höfuðborgarsvæðinu.

Í september voru 214 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 2 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari hækkandi í október og verði á bilinu 3,6%-3,7%. Líklegt er að fall Play hafi áhrif á atvinnuleysi næstu mánaða og að það hækki umfram fyrri spár á síðari hluta árs 2025.

Próun atvinnuleysis frá september 2023 til september 2025




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi jókst og fór úr 3,4% í 3,5% á landinu sem heild, litlar breytingar áttu sér stað á milli svæða. Atvinnuleysi hækkaði lítillega á Norðurlandi eystra, fór úr 1,9% í 2,2%. Atvinnuleysi lækkaði mest á Norðurlandi vestra þar sem það fór úr 1,1% í 0,9%. Atvinnuleysi var 2,9% á landsbyggðinni í september og 3,8% á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 0,9%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í ágúst og september.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í september og á flestum svæðum. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,2% en atvinnuleysi kvenna 0,6%. Á Vestfirðum var því þó öfugt farið en þar mældist 2,3% atvinnuleysi meðal kvenna en 1,9% meðal karla.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í september.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.841 í lok september, 4.482 karlar og 3.359 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 144 frá ágústlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 95.

Alls voru 2.007 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok september og fjölgaði um 105 frá lokum ágúst.


Alls höfðu 1.580 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september. Í september 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1271 og nemur fjölgunin 309 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.974 í september síðastliðnum en voru 1.756 í september 2024.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði lítillega heilt yfir í september en þróunin var misjöfn eftir atvinnugreinum. Mest var fjölgunin í ferðapjónustu þar sem atvinnulausum fjölgaði um 94, í veitingarþjónustu þar sem fjölgaði um 41 og í iðnaði um 24. Þá fjölgaði atvinnulausum um 20 í listum, söfnum, tómstundum o.fl.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.410 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok september og fjölgaði um um 150 frá því í lok ágúst. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 56% í lok september.


Vinnumálastofnun áætlað að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 7,3% í september samanborið við 2,1% hjá Íslendingum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá,
þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.768 sem er um 40% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara
eftir þjóðerni í lok september 2025



Atvinnuleyfi


Atvinnuleyfi

Í september 2025 gaf Vinnumálastofnun út 322 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 285 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 117 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 205 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í september, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms eða 198 leyfi. Þá voru gefin út 38 leyfi vegna íþróttafólks og 34 vegna fjölskyldusameininga. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í september voru flest

leyfi gefin út vegna starfa í þjónustustörfum eða 37%, 29% vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra og 20% vegna sölu- og afgreiðslustarfa. Um 14% voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í september 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fáir þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í september voru gefin út 89 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 50 einstaklingar, 11 fóru til Litáen, 8 til Tékklands og 5 til Rúmeníu. Þá voru gefin út 15 vottorð til viðbótar til 10 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, september 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 167 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 131 starf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 65% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 12% á Suðurlandi og 10% á Norðurlandi eystra. Þá voru 13% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í september 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í september voru 214 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 2 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 143 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.